



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri.  
Ráðhúsi Reykjavíkur

## **Minnisblað: Eftirlit með rafrænum kosningum í „Hverfið mitt 2019“**

„Hverfið mitt“ er samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Rafrænar kosningar á árinu 2019 hófust kl. 00:00 hinn 31. október 2019 og stóðu til kl. 00:00 hinn 15. nóvember sama árs.

Í 15. grein reglna um rafrænar kosningar um „Hverfið mitt 2019“ kemur fram að *Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar*. Verkefnið var tvíþætt að þessu sinni, annars vegar að hafa eftirlit með framkvæmd kosninganna og hins vegar eftirfylgni með ábendingum Innri endurskoðunar sem settar voru fram eftir kosningarnar 2018.

Innri endurskoðun staðfestir að skráðum ferlum hafi verið fylgt í meginráttum og metur greind frávik ekki þess eðlis að þau hafi áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Innri endurskoðun staðfestir jafnframt að birtar niðurstöður hafi verið í samræmi við talningu atkvæða í kosningunum.

Innri endurskoðun mun fylgja eftir úrbótum vegna neðangreindrar ábendingar, í samræmi við alþjóðlegan staðal um innri endurskoðun, *2500 - Eftirfylgni*.

### **1. Eftirlit með kosningum í „Hverfið mitt 2019“**

Kosningar um smærri nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni í hverfum eru framkvæmdar um það bil árlega og er kosningakerfið í stöðugri þróun. Kjósendur kjósa um fjölda verkefna í hverfum og gildir síðasta innsenda atkvæði þeirra, en hvert atkvæði getur innihaldið eitt eða fleiri verkefni.

#### **Framkvæmd kosninga**

Unnið var eftir fyrirfram ákveðnum handritum sem stuðla að því að verklag sé samkvæmt bestu framkvæmd og hlutverk aðskilin til að tryggja að enginn einn aðili geti átt við kosningarnar og niðurstöður þeirra án þess að það komist upp.

Í aðdraganda kosninganna eru ýmsar prófanir og athafnir sem þarf að framkvæma. Hinn 8. október var haldin lykilaathöfn og 14. og 21. október fóru fram stýrðar talningaræfingar. Þann 24. október fóru fram þrjár athafnir; aðgangi að eftirlitskerfum (Tripwire) var breytt, eftirlitskerfið uppfært og raunumhverfi ræst. Handritum var fylgt í þessum athöfnum án verulegra frávik. Eftir að frestur til þess að koma að athugasemdum við framkvæmd eða talningu kosninganna rann út var haldin hreinsunarathöfn. Í slíkri athöfn er USB lykllum og lykilorðum eytt til þess að tryggja að kosningar næsta árs fari rétt fram. Hreinsunarathöfnin fór fram 25. nóvember.

Eftir að kosningum lauk kom í ljós að 13.614 einstaklingar auðkenndu sig samkvæmt kosningakerfi en talin atkvæði voru 13.608. Sex einstaklingar auðkenndu sig því vegna kosninganna án þess að skila atkvæði. Um er að ræða 0,04% af þeim sem auðkenndu sig sem verður að teljast innan skekkjumarka. Við kosningarnar árið 2018 auðkenndu 48 einstaklingar sig án þess að skila atkvæði. Umtalsverð breyting hefur því orðið til

hins betra á þessum fjölda þar sem í ár voru einungis sex einstaklingar sem auðkenndu sig án þess að skila atkvæði.



**Ábending:** Greina þarf ástæður þess að sex einstaklingar auðkenndu sig í kosningakerfi án þess að skila atkvæði. Fyrirbyggja þarf að slíkt endurtaki sig.

**Aðgerðaráætlun stjórnenda:** Þar sem einungis er um að ræða 6 atkvæði sem ekki skila sér eftir að auðkenningu lýkur verður að teljast líklegast að mannlegar eða tæknilegar ástæður í umhverfi kjóсандans liggja þar að baki. Mögulega er hægt að benda kjósendum sérstaklega á það að eftir að auðkenningu lýkur að kjósendi eigi ennþá eigi eftir að SENDA atkvæðið eða að kosningu sé EKKI lokið þannig að atkvæði er EKKI mótttekið. Þetta verður skoðað með tækniteymi við undirbúning næstu framkvæmdar við Hverfið mitt.

## Yfirferð niðurstaðna kosninga

Innri endurskoðun fór yfir það hvort birtar niðurstöður í skýrslu kjörstjórnar væru í samræmi við niðurstöðu talningar atkvæða sem fram fór föstudaginn 15. nóvember 2019.

Í fundargerð kjörstjórnar 15. nóvember 2019 kemur fram að farið var yfir niðurstöður íbúakosninga og að kjörstjórn hafi staðfest niðurstöðurnar.

Niðurstöður voru birtar í frétt á heimasíðu Reykjavíkurborgar 15. nóvember 2019 og var þar m.a. að finna yfirlit yfir niðurstöður kosninganna. Í fréttinni kom fram að kosningaþátttaka hafi verið 12,5% og að 108.422 einstaklingar hafi verið á kjörskrá. Innri endurskoðun fór yfir birtar niðurstöður kosninga og raunniðurstöður talningar og enginn frávik voru þar á.


## Þáttökulýðræði

Met var slegið í kjörsókn þetta árið en 12,55% borgarbúa frá 15 ára aldri kusu en á kjörskrá voru 108.422. Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði og þáttökulýðræði. Vangaveltur hafa verið um hvers vegna þátttaka í þessum kosningum sé ekki meiri en raun ber vitni. Skýringar þess eru trúlega fjölmargar. Í sambærilegum kosningum var kosningaþátttaka 18% í Kópavogi árið 2018 og 19,1% í Mosfellsbæ árið 2019.


## 2. Eftirfylgni ábendinga vegna „Hverfið mitt 2018“

Innri endurskoðun gaf út tvær ábendingar í minnisblaði, dagsettu 30. janúar 2019, um niðurstöður eftirlits með rafrænum kosningum um „Hverfið mitt 2018“. Niðurstaðan var sú að skráðum ferlum hafi verið fylgt í megindráttum og greind frávik hafi ekki verið þess eðlis að þau hefðu áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Birtar niðurstöður kosninganna voru í samræmi við greidd atkvæði.

Úrbótum vegna ábendinganna var fylgt eftir í þessari framkvæmd og eru niðurstöður eftirfarandi:

Ábending	Viðbrögð stjórnenda, kjörstjórnar og teymisstjóra tækniteymis	Mat Innri endurskoðunar
 Greina þarf ástæður þess að atkvæði 48 einstaklinga sem auðkenndu sig í kosningakerfi skiluðu sér	Það eru margar ástæður, tæknilegar og mannlegar, fyrir því af hverju fólk auðkennir sig en klárar síðan ekki að senda inn atkvæðið. Unnið hefur verið að því í gegnum árin að minnka líkurnar á því að þetta gerist	Í kosningunum árið 2019 auðkenndu sex einstaklingar sig án þess að skila atkvæði. Það er 0,04% af heildarfjölda þeirra sem auðkenndu sig. Að mati Innri endurskoðunar er þessi fjöldi innan skekkjumarka og hefur þeim einstaklingum



Ábending	Viðbrögð stjórnenda, kjörstjórnar og teymisstjóra tækniteymis	Mat Innri endurskoðunar
ekki í kjörkassa. Fyrirbyggja þarf að slíkt endurtaki sig.	en það verður aldrei hægt að koma alveg í veg fyrir þetta á meðan við erum að senda fólk á vefsíðuna island.is til þess að auðkenna sig og síðan aftur á kosningavefsíðu til að klára kosningu. Enginn af þessum 48 fengu lokasíðu kosningar sem staðfestir að atkvæðið hafi farið inn, sú síða birtist bara þeim sem hafa klárað ferlið.	fækkað sem auðkenna sig en skila ekki atkvæði.  Markmið framkvæmdaraðila ætti þó ávallt að miðast við að atkvæði allra sem auðkenna sig í rafrænum kosningum skili sér í kjörkassa. Þær töflur og myndir sem unnar eru upp úr kosningagögnum byggja allar á heildarfjölda þeirra sem auðkenna sig í kosningum. Ef atkvæði allra þeirra einstaklinga sem auðkenna sig skila sér ekki verður ávallt skekkja í þeim samanburðarmyndum og töflum sem unnar eru upp úr kosningagögnum og birtar eru í skýrslu kjörstjórnar. Þ.e. talin atkvæði eru þá ekki í samræmi við þann fjölda einstaklinga sem auðkenndu sig vegna kosninganna.  Ábendingunni er lokað.
 Greina þarf ástæður þess að kjörskrá frá umhverfis- og skipulagssviði var ekki rétt. Tryggja þarf að ávallt sé stuðst við réttar upplýsingar við útgáfu talnaefnis í kjölfar íbúakosningaanna.	Gert er ráð fyrir að viðbrögðin verði að fá báða aðila, þ.e. Reykjavíkurborg og starfsmann Advania, til þess að sækja viðmiðunarskrá í kosningunum 2019 og að skrárnar verði keyrðar saman til þess að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt og að kjörskráin sé 100% rétt.	Við kosningar 2019 var viðmiðunarskrá sótt af deild hjá Advania sem sér um að miðla slíkum upplýsingum. Upplýsingarnar voru sóttar í þjóðskrá.  Ábendingunni er lokað.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Afrit: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Stefán Eiríksson, borgarritari  
Helga Björk Laxdal, formaður kjörstjórnar rafrænna kosninga „Hverfið mitt 2019“  
Óskar J. Sandholt, sviðstjóri Þjónustu og nýsköpunarsviðs  
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, verkefnastjóri verkefnisins „Hverfið mitt 2019“



## Viðauki 1 – Áhættuflokkun ábendinga

Ábendingum Innri endurskoðunar er skipt upp í eftirfarandi fjögur stig eftir alvarleika þeirra. Viðeigandi viðbragðstími stjórnenda fylgir áhættustigi ábendingar:

Áhættuþáttur	Fjárhagstap	Lög og/eða kröfur ytri aðila	Siðareglur / aðrar innri reglur	Orðspors-áhætta	Sviksemis-áhætta	Viðbrögð	Áhættumat
Veikleikar í innra eftirliti sem geta leitt af sér eina eða fleiri af eftirfarandi áhættum	Mikið	Brot á lögum eða ekki fylgni við aðrar kröfur ytri aðila	Vöntun/brot á siðareglum og/eða alvarlegt brot á innri reglum	Mikil	Mikil	Tafarlaus	
	Nokkurt	Ekki fylgni við kröfur ytri aðila	Vöntun á innri reglum eða veruleg frávik í fylgni	Möguleg	Möguleg	Innan sex mánaða	
	Lítið	Fylgni við kröfur/tilmæli ytri aðila ekki fullnægjandi	Uppbygging innri reglna eða fylgni við þær ekki fullnægjandi	Litlar líkur	Litlar líkur	Innan árs	
	Græn ábending getur þýtt að innra eftirlit er viðunandi en að umbótatækifæri séu til staðar. Jafnframt getur græn ábending þýtt að brugðist hafi verið við ábendingu á vinnslutíma úttektar og að Innri endurskoðun hafi fengið staðfestingu á því að málinu sé lokið. Við eftirfylgni er ábendingum sem hefur verið brugðist við lokað.						